



Mánaðarpóstur Hörðuvallaskóla

Fimmtudagur 16. ágúst 2018

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Nýtt skólaár í mentor

Samkvæmt upplýsingum frá mentor verður nýtt skólaár virkt í kerfinu daginn fyrir skólaboðunardag, eða þann 22. ágúst. Frá þeim tíma geta nemendur og foreldrar nálgast þar stundaskrár, bekkjalista o.þ.h.

Um leyfi nemenda

Ef nemandi þarf að fá leyfi frá skóla í 1-2 daga ber forráðamanni að hafa samband við umsjónarkennara. Beiðni um lengra leyfi en tvo daga þarf samþykki skólastjóra og skal sótt um slíkt leyfi á eyðublaði sem finna má á heimasíðu skólans undir „Foreldrar“

Hnetulaus skóli!

Við minnum á að Hörðuvalla-skóli er hnetulaus vegna of-næmis nokkurra nemenda. Engar hnetur í nesti - eða nokkuð sem inniheldur hnetur! Einnig minnum við á að ætlast er til að nemendur komi með hollt og gott nesti í skólann!

Kæra skólasamfélag

Nú hefjum við skólastarf að nýju eftir sumarleyfi, fyrir höndum er 13. starfsár Hörðuvallaskóla og við erum fullviss um að í þessu tilfalli er 13 hin mesta happatala.

Skráðir nemendur í skólann eru um 930 talsins sem er á neðri mörkum þess sem við gerðum ráð fyrir en ætti að duga okkur ágætlega til að hafa líf í tuskunum í vetur! Undirbúningur fyrir skólabyrjunina er í fullum gangi og allt saman lítur þetta ágætlega út. Búið er að manna kennarastöður en okkur vantar enn nokkuð upp á fulla mönnun í frístund. Það stendur vonandi til bóta, en ef ekki má gera ráð fyrir að einhver bið verði á að allir nemendur verði teknir inn í frístundina og eru þá yngstu nemendurnir látnir ganga fyrir. Þetta skýrist vonandi á allra á næstu dögum og verða foreldrar upplýstir með póstum frá forstöðumanni frístundarinnar. Í sumar hafa staðið yfir framkvæmdir við flutning á bókasafni skólans í Baugakór og gerð nýrrar kennslustofu í Vallakór. Frágangsvinna er enn í gangi þegar þetta er ritað og útlit er fyrir að ekki verði öll húsgögn fyrir nýja bókasafnið komin í hús alveg strax, en þetta kemur allt smátt og smátt. Jafnframt er unnið að gerð körfuboltavallar á lóð skólans en ljóst að nokkrar vikur eru eftir af því verki. Við hlökkum til að hefja starf að nýju og óskum eftir góðu samstarfi við foreldra og nemendur hér eftir sem hingað til. Gleðilegt nýtt skólaár!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Skólabyrjun haustið 2018

Skólastarf haustið 2018 hefst með venjubundnum skólaboðunardegi þann 23. ágúst þar sem nemendur og foreldrar mæta í viðtal til umsjónarkennara. Sem fyrr höfum við það fyrirkomulag á niðurröðun viðtala að foreldrar sjálfir bóka sig á viðtalstíma hjá umsjónarkennara í gegnum mentor.is og mun opnast fyrir skráningar föstudaginn 17. ágúst. Greinargóðar leiðbeiningar vegna þessa má finna á slóðinni: <https://www.youtube.com/watch?v=mEFYnJhJAsM> Viðtöl í 1. bekk fara fram 23. og 24. ágúst en kennsla hefst hjá 1. bekk þann 27. ágúst. Frístund skólans er lokuð þann 23. ágúst en opin allan daginn fyrir 1. bekkinga þann 24. ágúst.

Gert er ráð fyrir að viðtölin séu 15 mínútur og því afar mikilvægt að allir séu stundvísir þegar mætt er til viðtals. Ef þið lendið í vandræðum eða óskið eftir aðstoð við tímabókunirnar er um að gera að hafa samband við ritara skólans. Ef þið finnið alls enga tímasetningu sem ykkur hentar er best að hafa beint samband við viðkomandi umsjónarkennara.

Foreldrar nýnema geta nálgast aðgang að mentor með því að smella á „gleymt lykilorð“ á innskráningarsíðu vefsins.

Áskriftir í mötuneyti og frístund

Mötuneyti - Sótt er um áskrift að mötuneyti skólans í gegnum íbúagátt Kópavogsbæjar.

Athugið að nemendur sem voru í mötuneytisáskrift á fyrra skólaári þurfa ekki að sækja um fyrir þetta skólaár vilji þeir halda áfram í áskrift. Þeir sem eru í áskrift í dag en vilja ekki vera í áskrift frá og með upphafi þessa skólaárs þurfa hins vegar að segja upp áskrift í gegnum íbúagátt. Semsagt - áskriftir fyrir mötuneyti haldast óbreyttar milli ára nema að foreldrar geri breytingar í gegnum íbúagátt. Umsóknarfrestur er til 26. ágúst en hvatt er til að ganga frá breytingum sem allra fyrst.

Frístund - Enn er opið fyrir umsóknir í frístund fyrir skólaárið 2018-2019. Athugið að umsóknum fyrir síðastliðið skólaár var öllum lokað í lok skólaárs svo sækja þurfti um að nýju fyrir komandi skólaár. Semsagt - ef óskað er eftir vist í frístund í vetur en ekki hefur verið sótt um þarf að drífa í því í allra síðasta lagi 26. ágúst.

[Smellið hér til að opna íbúagátt Kópavogsbæjar...](#)

[Smellið hér til að skoða gjaldskrár mötuneyta og frístunda \(dægradvala\) Kópavogs](#)

Stillingar forráðamanna í mentor

Við minnum á að forráðamenn geta sjálfir breytt upplýsingum um sig á mentorvefnum, m.a. netföngum og símanúmerum. Gríðarlega mikilvægt er að þessar upplýsingar séu réttar og við biðjum því alla forráðamenn um að skrá sig inn í kerfið og yfirfara sínar upplýsingar. Einnig geta forráðamenn stýrt því hvaða upplýsingar aðrir forráðamenn hafa aðgang að í gegnum vefinn.

Leiðbeiningar um þetta má nálgast hér: <https://www.youtube.com/watch?v=oBQvcT vz92Q>

Við ítrekum einnig að afar mikilvægt er að nemendur hafi ekki aðgang að lykilorðum foreldra sinna að mentor..

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
19.	20. Skipulagsdagur	21. Skipulagsdagur	22. Skipulagsdagur	23. Skólaboðunardagur— viðtöl við umsjónar- kennara Frístund lokuð	24. Ófnbakaðir kjúklingabitar m/ hrísgrjónum og sósu. Salatbar og ávextir. Kennsla hefst í 2.-10.b Viðtöl hjá 1. bekk	25.
26.	27. Gufusóðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	28. Heitur pastaréttur m/ pastaskrúfum, baconi, grænmeti og ostasósu. Ávextir.	29. Hrísgrjónagrauttur m/ kanilsykri, rúsínum, lifrarpylsu og blóðmör. Ávextir.	30. Ýsa í kókosraspi m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir.	31. Lasagna m/ grófu brauði. Salatbar og ávextir.	1. sept

Muna:

Skrá viðtöl á skólaboðunardaginn 23. ágúst - sjá forsiðu.

Frístund er lokuð á skólaboðunardag.

Kennsla hefst skv. stundaskrá föstudaginn 24. ágúst nema hjá 1. bekk, þar hefst kennsla mánudaginn 27. ágúst. Frístund er opin allan daginn fyrir nemendur 1. bekkjar þann 24. ágúst.


Skrá þarf nemendur í frístund fyrir 26. ágúst.

Skrá þarf nýja nemendur í mataráskrift og breyta áskrift fyrir 26. ágúst ef óskað er eftir að hætta eða byrja í mataráskrift.

Kemba!!

Nemendur skólans hafa væntanlega farið víða í sumar og það verður að teljast afskaplega líklegt að einhvers staðar í hópnum kunni að leynast lús í hári... já jafnvel hjá þínu barni!


Gott væri allir tækju sig nú saman um að kemba hár barna sinna og kæmu þannig í veg fyrir að ófögnuðurinn nái að dreifa sér þegar börnin hittast í skólanum!


Skipulagsbreytingar á stjórnun skólans

Nú hafa orðið þær breytingar á yfirstjórn skólans að deildarstjórastaða unglinda-deildar er lögð niður og deildarstjórastaða miðstigs sameinuð við deildarstjórn yngsta stigs. Þær Gréta Guttormsdóttir og María Moritz hafa því látið af störfum hjá okkur en Inga Sigurðardóttir starfar sem deildarstjóri yngsta- og miðstigs. Þá eru teknar upp stöður kennsluráðgjafa og skrifstofustjóra. Anna María Þorkelsdóttir hefur verið ráðin í starf kennsluráðgjafa en enn á eftir að ráða skrifstofustjóra til starfa.

Varðandi námsgögn

Frá og með byrjun þessa skólaárs sér Kópavogsbær um að útvega nemendum grunnskólanna námsgögn án endurgjalds. Er þar átt við ritföng, stílabækur og þess háttar. Foreldrar þurfa því ekki að kaupa annað inn en íþrótta- og sundfatnað, skólatöskur o.þ.h. Einnig er nauðsynlegt að nemendur í 5.-10. bekk eigi heyrnartól til notkunar með spjaldtölvum sínum.


Spjaldtölvur

Við minnum á vef spjaldtölvuverkefnis Kópavogsbæjar þar sem finna má upplýsingar og leiðbeiningar varðandi spjaldtölvur nemenda í 5.-10. bekk.

Sjá www.spjaldtolvur.kopavogur.is


Kynningarfundur fyrir nýja nemendur í 2.-10. bekk og forráðamenn.

Mánudaginn 20. ágúst kl. 13:00 er nýjum nemendum í 2.-10. bekk í skólanum og foreldrum þeirra boðið á stuttan kynningarfund. Fundurinn er haldinn í sal skólans í Baugakór. Á fundinum eru veittar upplýsingar um skólastarfið og færi gefst til að skoða húsnæðið.

Skóladagatal 2018-2019

Hægt er að nálgast skóladagatal vetrarins á heimasíðu skólans eða beint á slóðinni:

https://www.horduvallaskoli.is/static/files/2018-2019/skoladagatal_2018_2019.pdf

